

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2001/EES/26/22

frá 1. júlí 1999

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar pípur, tanka og fylgihluti sem ekki komast í sneringu við drykkjarvatn(*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 1482)

(1999/472/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE⁽²⁾, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar í 4. mgr. 13. gr.

2) Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að skilgreina hugtakið vörur eða vöruflokkar eins og það er notað í umboðunum og tækniforskriftunum.

3) Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

4) Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti, með stöðugu eftirliti, í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka, sem eru tilgreind í I. viðauka, með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

2. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í II. Viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 42, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2000 frá 31. mars 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 27, 15.6.2000, bls. 8.

(¹) Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

(²) Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1.

3. gr.

Í umboðum fyrir samhæfða staðla skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt III. viðauka.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. júlí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Pípumastæður, pípur, tankar, lekaviðvörðunarkerfi, yfirfallsvörn, tengihlutar, lím, samskeyti, sam-skeytalokunarbúnaður, þéttar, rásir og stokkar til hlífðar, stoðir fyrir pípur eða rásir (lagnir), lokar og kranar, öryggisbúnaður

Til notkunar í flutninga-, dreifingar- eða geymslubúnað fyrir gas eða eldsneyti sem nota á í upphitunar- eða kælikerfum bygginga og er leitt úr ytra geymi eða síðustu þrýstingslækkunareiningu dreifikerfisins að inntaki upphitunar- eða kælikerfis byggingarinnar og í flutninga-, förgunar- eða geymslubúnað, annan en þann sem tilgreindur er í II. viðauka, fyrir vatn sem ekki er drykkjarvatn og nota á í upphitunarkerfi.

II. VIÐAUKI

Tankar, rásir og stokkar til hlífðar

Til notkunar á svæðum sem heyra undir reglur um brunaþol, í flutninga-, dreifingar- eða geymslubúnað fyrir gas eða eldsneyti sem nota á í upphitunar- eða kælikerfum bygginga og er leitt úr ytra geymi eða síðustu þrýstingslækkunareiningu dreifikerfisins að inntaki upphitunar- eða kælikerfis byggingarinnar.

Pípumastæður, pípur, tankar, lekaviðvörðunarkerfi, yfirfallsvörn, tengihlutar, lím, samskeyti, sam-skeytalokunarbúnaður, þéttar, rásir og stokkar til hlífðar, stoðir fyrir pípur eða rásir, lokar og kranar, öryggisbúnaður

Til notkunar á svæðum sem heyra undir reglur um brunaviðbrögð fyrir byggingarvörur í flokkum A ⁽¹⁾, B ⁽¹⁾ og C ⁽¹⁾, í flutninga-, dreifingar- eða geymslubúnað fyrir gas eða eldsneyti sem nota á í upphitunar- eða kælikerfum bygginga og er leitt úr ytra geymi eða síðustu þrýstingslækkunareiningu dreifikerfisins að inntaki upphitunar- eða kælikerfis byggingarinnar og í flutninga-, förgunar- eða geymslubúnað fyrir vatn sem ekki er drykkjarvatn.

⁽¹⁾ Efni sem geta breyst, hvað nothæfi varðar, með tilliti til viðbragða við bruna, á meðan á framleiðsluferlinu stendur (venjulega byggingarvörur sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvarnarefni, eða byggingarvörur þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til bruna).

III. VIÐAUKI

Ath: Að því er varðar vörur, sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notkunargilda sem eru tilgreind í eftirtöldum vöruflokkum, eru verkefnið, sem viðurkenndur aðili tekst á hendur í tengslum við viðkomandi kerfi til staðfestingar á samræmi, uppsöfnuð.

VÖRUFLOKKUR

**PÍPUR, TANKAR OG FYLGIHLUTIR SEM KOMAST EKKI Í SNERTINGU VIÐ
DRYKKJARVATN (1/5)**

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem eru talin upp hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Brunaviðbragðaflokkur/-flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
<ul style="list-style-type: none"> — Pípusamstæður — pípur — lekaviðvörunarkerfi og yfirfallsvörn — tengihlutar, lím, samskeyti, samskeytalokunarbúnaður og þéttar — rásir og stokkar til hlífðar — stoðir fyrir pípur eða rásir — lokar og kranar — öryggisbúnaður 	Til notkunar í flutninga-, dreifingar- eða geymslubúnað fyrir gas eða eldsneyti sem nota á í upphitunar- eða kælikerfum bygginga og er leitt úr ytra geymi eða síðustu þrýstingslækkunareiningu dreifikerfisins að inntaki upphitunar- eða kælikerfis byggingarinnar	—	3

Kerfi 3: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

**PÍPUR, TANKAR OG FYLGIHLUTIR SEM KOMAST EKKI Í SNERTINGU VIÐ
DRYKKJARVATN (2/5)****Kerfi til staðfestingar á samræmi**

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem talin eru upp hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Brunaviðbragða- flokkur/-flokkar	Kerfi til staðfest- ingar á samræmi
<ul style="list-style-type: none"> — Pípusamstæður — pípur — lekaviðvörunarkerfi og yfirfallsvörn — tengihlutar, lím, samskeyti, samskeytalokunarbúnaður og þéttar — rásir og stokkar til hlífðar — stoðir fyrir pípur eða rásir — lokar og kranar — öryggisbúnaður 	Til notkunar í flutninga-, förgunar- eða geymslubúnað fyrir vatn sem ekki er drykkjarvatn	—	4

Kerfi 4: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/160/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

PÍPUR, TANKAR OG FYLGIHLUTIR SEM KOMAST EKKI Í SNERTINGU VIÐ
DRYKKJARVATN (3/5)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem talin eru upp hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Brunaþolsflokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
— Tankar — rásir og stokkar til hlífðar	Til notkunar á svæðum sem heyra undir reglur um brunapól, í flutninga-, dreifingar- eða geymslubúnað fyrir gas eða eldsneyti sem nota á í upphitunar- eða kælikerfum bygginga og er leitt úr ytra geymi eða síðustu þrýstingslækkunareiningu dreifikerfisins að inntaki upphitunar- eða kælikerfis byggingarinnar	Allir	1

Kerfi 1: Sjá í-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE án úttektarprófunar á sýnum.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/160/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

PÍPUR, TANKAR OG FYLGIHLUTIR SEM KOMAST EKKI Í SNERTINGU VIÐ
DRYKKJARVATN (4/5)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem talin eru upp hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Brunaviðbragða-flokkur/-flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
<ul style="list-style-type: none"> — Pípusamstæður — pípur — lekaviðvörunarkerfi og yfirfallsvörn — tengihlutar, lím, samskeyti, samskeytalokunarbúnaður og þéttar — rásir og stokkar til hlífðar — stoðir fyrir pípur eða rásir — lokar og kranar — öryggisbúnaður 	<p>Til notkunar, á svæðum sem heyra undir reglur um bruna- viðbrögð, í flutninga-, dreifingar- eða geymslubúnað fyrir gas eða eldsneyti sem nota á í upphitunar- eða kælikerfum bygginga og er leitt úr ytra geymi eða síðustu þrýstingslækkunareiningu dreifikerfisins að inntaki upphitunar- eða kælikerfis byggingarinnar</p>	Allir	1
		A ⁽¹⁾ , B ⁽¹⁾ , C ⁽¹⁾	1
		A ⁽²⁾ , B ⁽²⁾ , C ⁽²⁾	3
	Til notkunar á svæðum sem heyra undir reglur um bruna- viðbrögð, í flutninga-, förgunar- eða geymslubúnað fyrir vatn sem ekki er drykkjarvatn	A ⁽³⁾ , D, E, F	4

Kerfi 1: Sjá i-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE án úttektarprófunar á sýnum.

Kerfi 3: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Kerfi 4: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

⁽¹⁾ Efni sem geta breyst, hvað nothæfi varðar, með tilliti til viðbragða við bruna, á meðan á framleiðsluferlinu stendur (venjulega byggingarvörur sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvarnarefni, eða byggingarvörur þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til bruna).

⁽²⁾ Efni sem breytast ekki, hvað nothæfi varðar, með tilliti til viðbragða við bruna, á meðan á framleiðsluferlinu stendur.

⁽³⁾ Efni í flokki A sem ekki er þörf á að prófa með tilliti til viðbragða við bruna samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/160/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

**PÍPUR, TANKAR OG FYLGIHLUTIR SEM EKKI KOMAST Í SNERTINGU VIÐ
DRYKKJARVATN (5/5)****Kerfi til staðfestingar á samræmi**

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem talin eru upp hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Brunaviðbragða- flokkur/-flokkar	Kerfi til staðfest- ingar á samræmi
<ul style="list-style-type: none"> — Pípusamstæður — pípur — lekaviðvörðunarkerfi og yfirfallsvörn — tengihlutar, lím, samskeyti, samskeytalokunarbúnaður og þéttar — rásir og stokkar til hlífðar — stoðir fyrir pípur eða rásir — lokar og kranar — öryggisbúnaður 	Til notkunar sem heyrir undir reglur um orkusparnað, í flutninga-, förgunar- eða geymslubúnað, fyrir vatn sem ekki er drykkjarvatn og nota á í upphitunarkerfi	—	3

Kerfi 3: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/160/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.